

Alþingi  
Erindi nr. P 139/2853  
komudagur 1.6.2011



**LANDSSAMBAND  
ÍSLENSKRA  
ÚTVEGSMANNA**

Borgartúni 35  
105 Reykjavík  
Sími: 591 0300  
Fax: 591 0301  
www.liu.is

**Alþingi**  
Samgöngunefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 1. júní 2011  
*Mál nr. 1106001*

**Efni: Umsögn, flutningur Landhelgisgæslunnar, 534. mál**

Samgöngunefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Landssambands íslenskra útvegsmanna um tillögu til þingsályktunar um flutning Landhelgisgæslunnar til Reykjaneshæjar, 534. mál.

Samtökin hafa skorað á stjórnvöld, með samtökum sjómanna að efla starfsemi Landhelgisgæslunnar þannig að hún fái sinnt því effirlits- og öryggishlutverki sem henni er ætlað samkvæmt lögum. Landhelgisgæslunni er ætlað að sinna mjög víðfeðmu hafsvæði og hún gegnir mikilvægu öryggishlutverki fyrir íslenska sjómenn. Upp geta komið tilvik eða aðstæður, þar sem tími til björgunar er svo naumur að þyrfa er eina tækið sem sjómenn geta treyst á. Í þessu samhengi er aftur á móti mikilvægt að minna á að veikja ekki það mikilvæga starf sem unnið er á vegum Samhæfingarstöðvar almannavarna og Stjórnstöð leitar og björgunar í Björgunarmiðstöðinni í Skógarhlíð.

Verði flutningurinn til þess að treysta og styrkja starfsemi Landhelgisgæslunnar og þá sérstaklega þyrilusveit hennar þá gerum við ekki athugasemdir við staðsetningu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst,

Friðrik Friðriksson, hdl.